



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2018

Í nóvember 2018 var skimunarprófið *Talnalykill* lagt fyrir nemendur í 32 grunnskólum af þeim 36 í Reykjavík sem hafa 3. bekk. Um 91% nemenda í 3. bekk í Reykjavík tóku þátt í stærðfræðiskimuninni að þessu sinni og er hlutfallið það lægsta í fimm ár. Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast fljótt við með einstaklingsáætlun og/eða sérstökum stuðningi.

Um **67%** nemenda náðu settu viðmiði í þrepi I og eru því ólíklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda. Hlutfallið er það lægsta í 10 ár. Um **21%** nemenda náðu settu viðmiði í þrepi II og teljast því ekki heldur í mikilli áhættu hvað varðar námsörðugleika í stærðfræði. Um **12%** nemenda fóru í gegnum öll þrjú þrepin sem er stærsti hópur sem þess þarf í 7 ár. Um 63% þeirra sem fóru í þrep III telst þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Þessi hópur jafngildir **7,7%** af öllum nemendahópnum sem tók þátt í skimuninni. Hlutfallið nú er það hæsta í 9 ár. Rúm 92% nemenda í 3. bekk haustið 2018 teljast samkvæmt þessu ólíkleg til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.

Hlutfall drengja sem þarf líklega á sérstökum stuðningi að halda er 6,1% og hlutfall stúlkna er 9,3%. Mismunandi er eftir skólum hve margir nemenda eru líklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda, allt frá engum nemanda upp í 38%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hversu hátt hlutfall nemenda fór í gegnum hvert þrep og hversu hátt hlutfall þeirra er líklegt til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.

